



Hröðun

Mundu eftir því að láta spurninguna koma fram í svarinu.

Útskýrðu hugtakið hröðun og reiknaðu eftirfarandi dæmi:

- Harpa skokkar með hraðanum 1 m/s. Hún tekur á sprett og nær hraðanum 3 m/s. Þetta tók hana 1,5 sekúndur. Hver var hröðunin hennar?
- Lilja er á fjórhjóli, hún gefur í og eykur ferðina úr 7 km/s í 25 km/s á 8 sekúndum. Hver er hröðunin?
- Halla Rún stendur kyrr. Hún stígur upp á hjól og hjólar af stað. Það tekur hana 5 sekúndur að ná hraðanum 10 m/s. Hver var hröðun hennar í þessar 5 sekúndur?
- Bíll hægir á sér og fer úr 50 m/sek niður í 20 m/sek á 2 sekúndum. Hver var hröðun hans?

Afurð: Docs skjal

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get reiknað hröðun.
- ☐ Ég vanda uppsetningu, málfar og stafsetningu.

HÆFNIVIÐMIÐ:

Að nemandi:

- ☐ geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.

VAL
Einstaklings-
verkefni

